

Fundur foreldrafélags BES 5. okt. 2017 kl. 19:30

Mættir eru Sara, Ingibjörg og Lóa sem ritar fundargerð

1. Jólaföndur:

- a. Ákveðið var að hafa jólaföndur í stað jólabingós þetta árið.
- b. Notaleg stemning, jólalög, piparkökur og föndur við allra hæfi
- c. Boðið verður upp á mismunandi gerðir af einföldu jólaföndri sem verður til sölu á vægu verði ásamt kaffi og kökusneið, þetta verður í byrjun desember, nánari dagsetning ákveðin síðar.

2. Jól í skókassa:

- a. Nánari upplýsingar um verkefnið: <http://www.kfum.is/skokassar/skokassar/>
- b. Verður með hefðbundnu sniði í byrjun nóvember
- c. Foreldrafélagið verður með jólapappír, merkimiða og eitthvað smávegis í kassana.
- d. Hver og einn mætti með skókassa og að mestu það sem á að fara ofan í þá
- e. Dagsetning og nánari upplýsingar verða fljótlega

3. Önnur mál:

- a. Ákveðið var að halda kaffihúshitting eða hnallþórukvöld fyrir foreldra í BES
  - i. Þetta er hugsað sem vettvangur fyrir almennt spjall um það sem er gott og hvað mætti betur fara í skólstarfinu og starfi foreldrafélagsins
  - ii. Dagsetning auglýst síðar
- b. Félagsvist verður í boði eftir áramótin, nánar auglýst þegar nær dregur

Fundi slitið kl. 20:50